



Félag háskólakennara

6. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2021/2022, haldinn mánudaginn 1. desember 2021

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Berglind Eva Benediktsdóttir, Íris Davíðsdóttir og Guðmundur Ingi Guðmundsson. Forföll boðuðu: Pontus Eik Gunnar Jarvstad, Ármann Höskuldsson og Sævar Ingþórsson. Helga Birna Ingimundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 1. nóvember 2021.
2. Erlent samstarf, fundur 8. desember nk. ?
3. Kjaramál, skoðanakönnun meðal félagsmanna.
 - i) launatölur samantekt.
4. Matskerfið endurskoðun.
5. Umræðupunktur fyrir samráðsnefnd.
6. Fréttir af fyrirkomulagi greiðslna vegna kennslu BEB, skýrsludrög.
7. Fréttir af BHM, ÍD.
 - i. Niðurstöður könnunar um styttingu vinnuvikunnar hjá LBS, GIG.
 - ii. Málefni háskóla og nýr háskólamálaráðherra.
 - iii. Frysting aðildargjalda Fh hjá BHM, tp. Frá Ernu dags. 28. nóv. sl.
 - iv. Háskólaþing 11. nóvember 2021.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 1. nóvember 2021

Fundargerðin var samþykkt, með leiðréttingum á stafsetningavillum.

2. Erlent samstarf, 8. desember 2021

Danir boða til fjarfundar til að ræða sameiginleg málefni allra félaganna og ákvörðun um næsta staðfund í Danmörku sem stefnt er að í júní 2022. Ákveðið var að Félag háskólakennara muni taka þátt og framkvæmdastjóra falið að athuga með sal á Hótel Sögu.

3. Kjaramál, skoðanakönnun

Málið rætt og lagfæringar/athugasemdir gerðar við drög að skoðanakönnun sem var hluti af fundargögnum. Formaður og framkvæmdastjóra falið að hreinskrifa breytingarnar og koma með endanleg drög á næsta stjórnarfund í janúar. Ákveðið var könnunin muni verða send til félagsmanna í janúar 2022.

Framkvæmdastjóra falið að taka saman lista yfir trúnaðarmenn félagsins, hvar þeir starfa og á hvaða starfsstöð vanti trúnaðarmenn.

Þá var ákveðið að stjórn muni fljótlega á nýju ári hafa vinnufund til undirbúnings kjarasamninga.

4. Matskerfið endurskoðun

Málið rætt lítillega.

5. Umræðupunktur fyrir samráðsnefnarfund

Baldvin sagði frá því að félagið hafi lagt fram eftirfarandi mál á dagskrá fundarins, sem verður haldinn 3. desember nk.:

- Skúffuskjal.
- Launaröðun doktorsnema, samræming, Ragnhildur Í.
- Umboðsmaður doktorsnema.

- Fjöldatölur stundakennara.
- Greiðslur vegna umbunar, Jenný.
- Reglur um fjarvinnu.
- Prep fyrir kennslufræðinámskeið (frestað frá síðasta fundi).
- Aðstæður starfsfólks á FVS vegna leka fyrir ári síðan.
- Könnun um styttingu vinnuvikunnar.
- Yfirvinna akademískra starfsmanna hjá læknadeild.

6. Skýrsludrög að fyrirkomulagi greiðslna fyrir kennslu

Berglind Eva sagði frá drögum að skýrslunni sem hópurinn stefnir að því að skila í lok árs. Stjórnarfolk var hvatt til að koma með athugasemdir við drögin.

7. Fréttir af BHM

Baldvin sagði frá vinnu við umbótastarf sem á sér stað innan BHM. Bæði Baldvin og Íris starfa með hópnum sem skipaður var af formannaráði BHM.

i. Niðurstöður könnunar um styttingu vinnuvikunnar á LBS

Guðmundur Ingi sagði frá niðurstöðu könnunar um styttingu vinnuvikunnar á meðal starfsfólks LBS. Niðurstaðan var afgerandi og 85% starfsmanna er mjög ánægt með nýtt fyrirkomulag vinnutímans.

ii. Nýr háskólamálaráðherra

Málið rætt.

iii. Frysting aðildargjalda

Baldvin sagði frá niðurstöðu stjórnar BHM vegna óskar félagsins um að nýta frystingu aðildargjalda 2021 sbr. samkomulag þess efnis.

iv. Háskólaþing 11. nóv. sl.

Jens sagði frá fundinum og minnr á að gögn af fundinum eru meðal fundargagna stjórnarfundarins.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk kl. 13:30.

Næsti stjórnarfundur verður 5. janúar 2022.